

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

640. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. mars 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 9. mars sl.
3. Aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.
4. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
5. Erindi SSNV um myndun þjónustusvæðis á Norðurlandi vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Bréfið er svar við erindi sveitarstjórnar Húnaþings vestra frá nóvember sl. þar sem óskað var eftir því að Mennta- menningarmálaráðuneytið heimilaði stofnun framhaldsdeildar frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) á Hvammstanga og veitti því verkefni fjárhagslegan stuðning. Í bréfi ráðuneytisins er tilkynnt að ekki sé til fjármagn á árinu 2010 til að stofna og reka framhaldsdeild á Hvammstanga. Sveitarstjóri gerði grein fyrir sameiginlegu erindi, sama efnis, sem sent var Menntamálaráðherra í síðustu viku og undirritað var af fulltrúum Húnaþings vestra og FNV en beðið er svara við því erindi. Þá lagði sveitarstjóri fram til kynningar minnisblað frá fundi sem hann átti í síðustu viku með skólameistara og aðstoðarskólameistara FNV þar sem farið var yfir stöðu máls þessa.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 9. mars sl.
3. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammi þann 29. mars nk. kl. 20:30. Oddviti verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og formaður byggðarráðs til vara.
4. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu Víðihlíð þann 24. mars nk. kl. 20:00. Sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Fram lagt erindi SSNV um myndun þjónustusvæðis á Norðurlandi vestra í tengslum við fyrirhugaðan flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Frá árinu 1999 hafa sveitarfélög á Norðurlandi vestra haft með höndum rekstur þessa málaflokks í sérstöku byggðasamlagi þar um skv. þjónustusamningi við Félags- og tryggingamálaráðuneytið, en sá samningur var síðast endurnýjaður árið 2006. Í erindinu er þess óskað að sveitarfélögin sem standa að rekstri þessa byggðasamlags að þau staðfesti þátttöku í myndun þjónustusvæðis sem helgast af sveitarfélagamörkum Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduóssbæjar, Skagabyggðar, svf Skagastrandar, svf Skagafjarðar, Akrahrepps og Fjallabyggðar. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra muni vera þátttakandi í myndun þessa þjónustusvæðis.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Lagt fram erindi Búnaðarfélags Staðarhrepps og Ungmennafélagsins Dagsbrúnar þar sem félögin leita eftir því að fá til eignar og afnota bókasafn fyrrum Lestrarfélags Staðarhrepps sem er til geymslu í Barnaskólahúsinu á Reykjatanga. Hyggjast félögin starfrækja safnið á sína ábyrgð. Meðfylgjandi erindinu fylgir uppkast af samkomulagi milli umræddra félaga og Húnaþings vestra um þessa ráðstöfun. Byggðarráð felur sveitarstjóra að skoða málið.
7. Oddur Sigurðarson spurði um stöðu máls varðandi lagningu hitaveitu í byggðina fyrir norðan Hvammstanga. Byggðarráð óskar upplýsinga frá tæknideild vegna þessa.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.),
Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).

Fundi slitið kl. 11:10
Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).